

Nr. 251

21. mars 2016

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 192/1993, um innskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Skattaðili sem fer fram á leiðréttiingu innskatts til hækunar samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 13. gr., sbr. 14. gr., og ákvæði til bráðabirgða II í reglugerð þessari, sbr. reglugerð nr. 1237/2015, skal gera grein fyrir sundurliðun leiðréttigarfjárhæðar á sérstakri skýrslu á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Skýrslu þessari skal skila til ríkisskattstjóra eigi síðar en á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar leiðréttiing á sér stað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 16. gr., sbr. 49. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 21. mars 2016.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Hlynur Ingason.

B-deild – Útgáfud.: 22. mars 2016